

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Margræti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 10. nóvember 2017
Mnr. 2017100070



ÍSAFJARÐARBÆR

Fjölgun rýma í Dægradvöl

Á fundi bæjarráðs þann 31. október 2017 var lögð fram greinagerða sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem gerð var grein fyrir húsnæðisvanda Dægradvalar á Ísafirði. Bæjarráð bókaði eftirfarandi: „*Bæjarráð felur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs að skoða betur mögulegar lausnir á húsnæðisvanda Dægradvalar.*“

Sviðsstjóri hefur skoðað þá möguleika að nýta bæði félagsmiðstöð og Dægradvöl fyrir Dægradvöl og að nýta húsnæði í Grunnskólanum á Ísafirði að hluta. Ljóst er að þá yrði að skipta starfsstöðinni og starfsmannahópnum í tvinn sem að öllum líkindum hefði í för með sér meiri mannafla. Báðir þessir möguleikar hafa verið ræddir við stjórnendur þeirra stofnanna sem við á og eru allir mjög viljugir til að leysa þetta mál. Ljóst er að hvorugra þessara kosta er framtíðarlausn, það mun alltaf þurfa að kosta einhverju til þar sem gera þarf nauðsynlegar breytingar svo börnunum geti liðið vel í því um hverfi sem við sköpum. Stúka þarf svæðin meira niður en er í dag og hljóðeinangra rýmin betur. Ekki var farið út í það að kostnaðargreina þessar hugmyndir að svo stöddu.

Sviðsmynd - fjölgun íbúa

Á fundi bæjarráðs var einnig rætt um sviðsmynd fyrir fjölda barna á Ísafirði ef fjölgun íbúa héldi áfram. Hlutfall leikskólabarna (1 árs og eldri) af íbúafjölda í dag er 8% og hlutfall grunnskólabarna er 13% af íbúafjöldanum. Gera má ráð fyrir að nemendur á yngsta stigi séu um 40% allra grunnskólabarna. Miðað er hér við að 80% barna í 1.-4. bekk nýti sér Dægradvöl. Við vitum þó að á næstu árum verða yngstu árgangarnir fjölmennari en þeir eldri.

Íbúafjöldi samtals	2900	3100	3300	3500	4000	4500
Leikskólabörn hlutfall af íbúum	232	248	264	280	320	360
Grunnskólabörn hlutfall af íbúum	377	403	429	455	520	585
Hugsanlegur fjöldi í Dægradvöl	121	129	137	146	166	187

Eins og staðan í húsnæðismálum skóla er í dag væri hægt að bæta við nemendum í GÍ og fer það algjörlega eftir því í hvað árganga nýir nemendur kæmu hvenær verða vandræði með almennar bekkjarstofur. Í skólanum eru 360 nemendur og á hann vel að rúma 400 nemendur. Í dag eru bekkjardeildir 16 og tvær bekkjarstofur lausar, þá er hugsanlega hægt að útbúa litlar stofur í opnum rýmum í skólanum. Líklega verður orðið frekar þröng í skólanum þegar íbúafjöldi á Ísafirði og Hnífsdal telur meira en 3300 íbúa. Tekið skal fram að hér er miðað við að hlutfall grunnskólabarna verði það sama og það er í dag.

Í dag eru leikskólaláss rétt rúmlega 200 og myndi þeim fjölga í 225-230 með þeim hugmyndum að viðbyggingu við Eyrarskjól sem nú eru á borðinu. Í töflunni er miðað við að börn fái leikskólaláss frá 12 mánaðaaldri.

MH